

Trúnaðarmaður SFR

- það þarf kraftmikinn trúnaðarmann á þinn vinnustað!

Nú þarf að kjósa trúnaðarmann SFR á þínum vinnustað, en kosið er til tveggja ára í senn. Hlutverk trúnaðarmanns er bæði fjölbreytt og áhugavert. Það felst meðal annars í að gæta hagsmuna félagsmanna SFR á vinnustað, koma að gerð stofnansamninga þar sem launaröðun er ákveðin, miðla upplýsingum milli félagsmanna og SFR, gæta þess að kjarasamningar séu virtir og aðstoða í ágreiningsmálum.

Um er að ræða gefandi starf sem felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu á sviði starfsmannamála. Einnig gefur það innsýn í rekstur stofnunar og starfsemi stéttarféлага. Trúnaðarmönnum býðst að sækja tvö 3ja daga þjálfunarnámskeið tengd starfinu þar sem áhersla er lögð á upplýsingamiðlun, réttindi á vinnumarkaði, kjarasamning og leiðtogaþjálfun.

Áhugasamir setji sig í samband við kjörstjórn á vinnustað sem fyrst, en kosning á að fara fram í september 2007. Núverandi trúnaðarmanni ber að skipa kjörstjórn og hengja upp auglýsingu um kosningu á áberandi stað með nöfnum kjörstjórnar.

Allir félagsmenn geta boðið sig fram til trúnaðarmanns en kosning fer fram á vinnustað ef fleiri en einn eru í framboði.

**Vilt þú hafa áhrif á launakjörin og vinnuaðstæður?
Nú hefur þú tækifæri!**



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

SFR er stéttarfélag í almannapjónustu með 5700 félagsmenn og hefur á að skipa um 250 trúnaðarmönnum sem saman mynda trúnaðarmannaráð, en það hittist einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Heimilt er að kjósa trúnaðarmann á vinnustað þar sem 5 eða fleiri félagsmenn starfa. Trúnaðarmaðurinn hefur starfsmenn og stjórn SFR til stuðnings í hlutverki sínu.